

Fundur í Fjallskiladeild Víðdælinga haldinn 19. Apríl 2016 kl 21.00 – almennur fundur

Marianna setti fund og stakk upp á Ólafi Benediktssyni sem fundarstjóra og Sigríði Ólafsdóttur sem fundarritara. Samþykkt af fundi.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Formaður ræddi helstu atriði s.s. tímasetningu gangna og tilfærslu fyrri heimalandasmölunar fram fyrir seinni göngur. Kallaði eftir viðbrögðum frá fundi vegna þessarar breytingar. Sagt frá viðhaldi skála s.s. hugmyndum um að koma vatnssalernum í alla skála á næstu árum.

Sagði frá viðhaldi vega. Sagði frá smölun í Litlu-Hlíð sem var framkvæmd af fjallskilastjórn á kostnað eigenda en í framhaldinu kom fram beiðni frá eigendum um að jörðin verði girt af frá afréttum. Sigtryggur Sigurvaldason skýrði frá reikningum. Heildartekjur 2.645.018 kr, heildargjöld 2.683.345 kr og tap af rekstri 38.327 kr. Inneign 31.12.2015 var 125.859 kr. Ekki er allur kostnaður gjaldfærður heldur hluti hans færður sem fjallskil.

Umræður um skýrslu stjórnar og fjallskilamál ásamt öðrum málum:

Þórir Ísólffson þakkar fjallskilastjórn störf. Telur að nýtt fyrirkomulag seinni gangna hafi komið vel út en sé dýrari kostur. Bendir á aðstöðuleysi til að fanga fé við Bleikskvísl og Mönguhól, sem er virkilega bagalegt og tafði mikið fyrir seinni gangnamönnum. Veltir fyrir sér hvort fé sé auðfundnara með nýju fyrirkomulagi þar sem ekkert fé fannst eftir seinni göngur.

Árborg Ragnarsdóttir nefndi að jafnframt þarf betri aðstöðu til að ná fé í Króki í stóðsmölun. Sigtryggur bendir á að nýtt fyrirkomulag seinni gangna sé mun dýrara og veltir fyrir sér hvort stöðugt sé hægt að hækka fjallskil. Segir að heimalandasmölun, sem var flýtt, hafi ekki gengið vel vegna samráðsleysis landeigenda.

Ólafur Benediktsson þakkar stjórn störf. Tekur undir með Þóri að bæta þurfi aðstöðu á Tungum til að taka fé. Telur að betra sé að hafa seinni göngur 3 daga. Telur að prófa eigi nýtt fyrirkomulag aftur í ár þar sem ekkert fé hafi fundist síðan í seinni göngum. Bendir á að samstöðuleysi í heimalandasmölun fari ekki eftir helgum. Telur afar slæmt að menn komist upp með að telja ekki rétt fram. Sagði frá verkefni Hollvínafélags Víðidalstunguheiðar við að endurnýja skilti á heiðinni.

Birgir Ingbórsson þakkar stjórn fyrir góða sundurliðun á reikningum. Sagði frá því að Austur-Húnvetningar hefðu verið ósáttir við breytingar á göngum og heimalandasmölun. Mikið fé hefði fundist eftir seinni göngur í A-Hún. Bendir á að allir þurfi að vera samstíga ef á að smalast vel og því þurfi ákvarðanir um breytingu gangnafyrirkomulags að vera unnar í samstarfi allra aðila.

Pétur Baldursson sagði frá kenningu um að sauðkindin elti sólarganginn og leiti því vestur.

Sigtryggur ræddi um vanskil á forðagæsluskýrslum. Verið er að leita leiða til að koma í veg fyrir að fólk komist undan fjallskilum með vanskráningu forðagæsluskýrslna.

Kaffihlé

Umræðu fram haldið.

Birgir Ingbórsson sagði frá aðferðum A-Hún við að ná fé í seinni göngum sem kosta lítið og eru þægilegar.

Ingvar Jóhannsson þakkar stjórn störf. Finnst undarlegt ef framtal hrossa skorðast við lögheimili eigenda. Gagnrýndi að tvö lömb hefðu verið skilin eftir í Stóru-Hlíð og ekki farið til að sækja þau. Ræddi um ábyrgð sveitarfélagsins á að hirða hræ af bæjum og koma í förgun. Þyrfti að koma á reglulegri hirðingu hræja. Vill að heimalandasmölun sé á undan seinni göngum. Vill að seinni göngur séu á 3 dögum. Þarf að endurskoða flutningstæki ef jafn margt fé verður í seinni göngum og haustið 2015. Vill að samið verði við Litlu-Hlíðar eigendur um smalanir frekar en að lagt verði í kostnað við girðingar. Tekur undir að aðhald verði að útbúa í Bleikskvísl, Mönguhól og Króki.

Ingvar Ragnarsson þakkar stjórn sín störf. Segir að laga þurfi þak í hesthúsi við Haugakvísl. Tekur undir kröfu um aðstöðu til að fanga kindur í seinni göngum. Spyr hvaða upphæðir séu fyrirhugaðar í skála á

Þessu ári. Telur að laga þurfi gamla skála í Bleikskvísl ef hann á að standa áfram. Telur að bera sé að hafa heimalandasmölun á undan seinni göngum.

Vignir Sigurðsson ræddi um flutningstæki í göngum. Bendir á að flutningar eru mjög kostnaðarsamir. Tekur undir að aðhald fyrir fé vanti á Tungum.

Ólafur Benediktsson spyr hvort nauðsynlegt sé að fara í seinni göngur um helgi. Spyr hvort eigi að fara fjölmargar ferðir til að sækja fé sem er ekki fullkomlega vitað að sé til staðar. Spyr hvað eigi að gera næst í vegamálum.

Þórir Ísólfsson spyr hvort það þurfi að kæra til MAST til að verði talið hjá ákveðnum aðilum. Telur algert forgangsatíði að þeir sem halda búfé í sveitinni taki þátt í samfélagslegum kostnaði. Telur að núverandi flutningstæki fyrir fé séu í lagi. Segir ekki nýtt að fleira fé sé eftir austurfrá en vestanmegin við heiðamörk. Kynnti nýja prentun af örnefnaskrá og korti yfir heiðina sem Þórir afhenti fjallskilastjórn að gjöf fyrir alla skálana á heiðinni.

Vignir spyr hvort skynsamlegt gæti verið að skrifa niður númer á kindum sem koma í seinni göngum og kanna hvort þetta séu sömu kindur á hverju ári.

Hallfríður Ólafsdóttir þakkaði stjórn sín störf. Er fylgjandi því að heimalandasmölun sé flýtt sem og göngum. Bendir á að fé þarf að koma til slátrunar þegar þörf er á í samráði við slátruhús. Sömmuleiðis geti veður verið ótryggari eftir því sem líður á haustið. Breytingar á göngum þurfi að vinnast með samráði allra fjallskilastjórna.

Sigtryggur segir frá fjárveitingu í skála sem er 1.500.000 kr en liggur ekki fyrir hvað kemur í vegi. Bendir á að göngur séu samvinnuverkefni. Segir frá því að það er tilkynningahnappur á síðu MAST ef grunur leikur á að vitlaust sé talið fram.

Árborg Ragnarsdóttir bendir á að nauðsynlegt sé að gera við gamla skálann í Bleikskvísl.

Marianna Ragnarsdóttir skýrir nánar frá núverandi kerfi á forðagæsluskýrslum. Nauðsynlegt sé að finna lausn á vandanum. Þakkar Þóri gjöfina. Skýrir nánar frá Litlu-Hlíðarmálum. Tekur undir að aðstöðu á Tungunum verði að laga. Ræddi að ekki virtist hafa verið andstaða við breytingar á göngum í haust en að sjálfsögðu þurfi slík mál að vera unnin með samstarfi.

Sigrún Þórisdóttir ítrekar nauðsyn samvinnu og að farið sé á sama tíma í göngur og seinni göngur báðumegin fjalls. Telur eldra fyrirkomulag heppilegra.

Birgir Ingþórsson bendir á að skepnur séu ekki fjallskilaskyldar nema eigendur séu landeigendur eða leigi land. Megi sömmuleiðis ekki reka slíka gripi á afrétt.

Örn Óli Andrésón þakkar stjórn störf. Ræðir Litlu-Hlíðarmál. Vill að hringt sé í fólk áður en lönd þeirra eru smöluð.

Fleira ekki rætt, fundarstjóri þakkaði góðan fund og sleit fundi 22:44

Sigríður Ólafsdóttir
fundarritari